# Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis
## 10. desember 2012



**Skýrsla formanns | Ársreikningur 2012 | Fjárhagsáætlun 2013**

# Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2012

# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2012

Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis þriðjudaginn 6. desember 2011 var stjórn þannig kosin:

**Bergsteinn Hjörleifsson, formaður** til eins árs.
Fyrir í stjórn til næsta árs voru **Arnar Borgar Atlason og Hálfdan Þór Karlsson**
Til tveggja ára voru kosin **Ingveldur Ingvarsdóttir og Jóhannes Pálmi Hinriksson**
Til eins árs voru kosnir **Sveinn Sigurbergsson og Guðmundur Haraldsson.**



## Stjórn Keilis var því þannig skipuð á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Bergsteinn Hjörleifsson** | formaður |
| **Sveinn Sigurbergsson** | varaformaður |
| **Guðmundur Haraldsson** | ritari |
| **Pálmi Hinriksson** | gjaldkeri |
| **Arnar Borgar Atlason** | meðstjórnandi |
| **Hálfdan Þór Karlsson** | meðstjórnandi |
| **Ingveldur Ingvarsdóttir** | meðstjórnandi |

## Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 12 formlegir stjórnarfundir, auk fjölmargra nefndafunda og annarra vinnufunda.

Í upphafi starfsársins 2012 voru **1.283** félagar í Golfklúbbnum Keili, en í lok árs eru þeir **1.331.**
Þar af eru 171 félagar skráðir á Sveinskotsvöll.
Í ár fjölgaði félögum um **48.**
Á biðlista eru **10** manns.



## Skipting félagsmanna eftir kyni og aldri er þannig:




## Starfsmenn

| | |
|---|---|
| **Framkvæmdastjóri:** | Ólafur Þór Ágústsson. |
| **Vallarstjóri:** | Daniel Harley. |
| **Aðstoðar vallarstjóri:** | Sveinn Steindórsson. |
| **Skrifstofa:** | Pétur Gærdbo Árnason og Ágúst Húbertsson. |
| **Hraunkot:** | Kristinn Kristinsson. |

## Golfkennarar

Björgvin Sigurbergsson, Sigurpáll Geir Sveinsson og Jóhann Hjaltason.

## Aðrir starfsmenn

Andri Jónasson, Brynjar Jónasson, Davíð Arnar Ragnarsson, Guðmundur Birkir Hálfdanarsson Sigurður Þorgeirsson, Michael King, Guðmundur Atli Arnarsson, Jón Viðar Guðmundsson, Patrekur Árni Leví Gunnarsson, Kristján Kristjánsson, Sigurður Guðjónsson, Snorri Már Gylfason, Tommy F. Nielsen, Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Jón Ágúst Sturluson, Gunnar Ari Kristjánsson, Andri Már Stefánsson, Steinar Páll Ingólfsson og Óskar Kristinsson. Auk þess starfaði hópur unglinga frá Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

## Aðstoðarfólk golfkennara

Tinna Jóhannsdóttir, Signý Arnórsdóttir, Anna Sólveig Snorradóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir, Gísli Sveinbergsson, Ísak Jasonarson, Bryndís Ragnarsdóttir, Hildur Rún Guðjónsdóttir, Sigurlaug Rún Jónsdóttir og Breki Marínósson.

## Eftirlitsmenn og ræsar

Baldvin Jóhannsson, Elías Þ. Magnússon, Axel Bóasson, Kristján Þór Einarsson, Haukur Jónsson og Guðbjartur Þormóðsson.

## Starfsfólk í golfvöruverslun

Arndís Eva Finnsdóttir, Sindri Haraldsson og Davíð Kristján Hreiðarsson.

## Starfsfólk í Hraunkoti

Kristinn S. Kristinsson, Hjörleifur Bergsteinsson, Knútur Bjarnason, Benedikt Árni Harðarson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir og Birgir Vestmar Björnsson.

## Þjónustusamningar

Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

## Ræstingar

Iss á Íslandi.



# Nefndir

### Afreksnefnd og unglinganefnd
Sveinn Sigurbergsson, Arnar Borgar Atlason og Hálfdan Þór Karlsson.

### Kappleikjanefnd
Guðmundur Haraldsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Ólafur Þór Ágústsson og Ágúst Húbertsson.

### Vallarnefnd
Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Guðlaugur Georgsson, Daniel Harley og Sveinn Steindórsson.

### Öldunganefnd
Guðjón Sveinsson

### Foreldraráð
Erla B. Hjartardóttir, Elín Harðardóttir, Jóhann Sigurðsson, Bjarki Sigurðsson, Lúðvík Geirsson, Valtýr Bergmann og Víðir Atlason

### Aganefnd
Hálfdan Þór Karlsson og Ólafur Þór Ágústsson.

### Forgjafarnefnd
Ágúst Húbertsson, Guðmundur Haraldsson, Ólafur Þór Ágústsson og Pálmi Hinriksson.

### Orðunefnd
Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

### Kvennanefnd
Ingveldur Ingvarsdóttir, Birna Ágústsdóttir, Hjördís Sigurbergsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Þórdís Geirsdóttir

### Nýliðanefnd
Ingveldur Ingvarsdóttir, Sigurpáll Geir Sveinsson.

### Laganefnd
Jónas Aðalsteinsson, Jóhann Níelsson og Sveinn Snorrason.

### Skemmtinefnd
Ólafur Þór Ágústsson og Guðmundur Haraldsson.

### Liðstjórar
Jóhann G Hjaltason, Sigurpáll Geir Sveinsson, Arnar Atlason, Unnur Guðmundsdóttir, Jón Viðar Magnússon, Björgvin Sigurbergsson, Sveinberg Gíslason, Guðjón Sveinsson, Kristjana Aradóttir.



# Framkvæmdir 2012

Einsog undanfarin ár var unnið áfram í stækkun vökvunarkerfis Hvaleyrarvallar, klárað var að setja úðunarhausa í 7. brautina, þetta verkefni hefur verið langt og strangt, byrjað var að vinna við vökvunarkerfið haustið 2004 og hefur verið unnið sleitulaust við að stækka og betrumbæta kerfið síðan þá. Í dag er vökvunarkerfi komið í alla teiga og flatir á Hvaleyrarvelli og í brautir á fyrstu 11 holunum. Er það mat okkar að þetta muni nægja til að halda Hvaleyrarvelli í forystu íslenskra golfvalla eins og hann hefur verið síðustu ár varðandi gæði og útlit. Einnig er ráðgert að setja sjálfvirkt kerfi í allar nýjar vallarframkvæmdir á næstunni. Við þessa vinnu hefur starfsfólk okkar öðlast mikla sérfræðiþekkingu og er sótt í þá þekkingu frá öðrum golf- og fótboltavöllum.

Siðasta vor voru nokkrar glompur endurhlaðnar en með tímanum safnast sandur í hleðslurnar og nauðsynlegt er að hlaða þær aftur á u.þ.b. 10 ára fresti, en það fer eftir staðsetningu og vindálagi á hverjum stað. Glompur sem voru endurhlaðnar eru á 11. holu og á 17. holu. Stærsta verkefni var gerð nýrra glompna á 14. holu. Þar var glompan sem fyrir var minnkuð mikið og tvær nýjar settar hægra og vinstra megin fyrir framan flötina. Þessar breytingar tókust mjög vel. Með þessu verkefni náðist að dreifa álagi á flötina mikið og einnig bæta ásýnd holunnar. Holan fór úr holu sem kylfingar spiluðu án mikilla vandkvæða í að vera golfhola sem vert er að muna eftir og passa sig á.

Síðasta haust var farið í að lagfæra 1. teiginn á Sveinskotsvelli, hann hafi verið sleginn á grassléttu sem hentaði á hverjum tíma. Þessi breyting var löngu orðin tímabær og breytti mikið ásýnd byrjunarholunnar á Sveinkotsvelli. Í teiginn var sett sjálfvirkt vökvunarkerfi einsog stefnan er að gera með allar nýframkvæmdir við velli Keilis í framtíðinni. Sveinskotsvöllur mun fá meiri athygli vallarstarfsmanna þar sem meiri tími mun skapast til framkvæmda við hann þar sem framkvæmdum vökvunarkerfis er nú lokið.

Mikið hefur verið reynt að laga og bæta gönguleiðina af 7. flöt uppá 8. teig. Búið er að tyrfa svæðið oftar en vallarstarfsmenn vilja muna en álagið reynist einfaldlega alltof mikið fyrir þetta svæði. Því var brugðið á það ráð að leggja gervigras yfir erfiðasta hluta svæðisins, þar sem kylfingar leggja kerrum sínum áður en gengið er inná 7. flöt. Þessi tilraun virðist hafa gengið mjög vel og er til skoðunar að gera meira af þessu við önnur vandræðasvæði. T.d þar sem gengið er af 3. flöt yfir á 4. teig.

Fram kom í tilkynningu frá Keili nú á árinu að farið verður í breytingar á Hvaleyrinni skv. samþykktri og kynntri tillögu þar um, áætlað er að þessum framkvæmdum verði lokið á 50 ára afmæli Keilis árið 2017. Þessar framkvæmdir verða fjármagnaðar úr rekstri félagsins og gróf framkvæmdaáætlun verður eftirfarandi :

- 15. holan-haust 2012
- 13. holan-haust 2013
- 14. holan-haust 2014
- 18. flöt og teigar á 18. og 12. holu-haust 2015

Á næsta ári mun, ásamt þessari framkvæmdaáætlun verða talsvert um endurbætur á Hvaleyrar- og Sveinskotsvelli og er þar helst að nefna vökvunarkerfi í 1. og 5. flöt á Sveinskotsvelli. Einnig á að lagfæra teigana við 2. 9. og 6. holu á Sveinskotsvelli og verður sett sjálfvirkt vökvunarkerfi í þá. Þá eru endurbætur hafnar á 2. teig í hrauninu, sá teigur er mjög ósléttur og hefur jafnan verið í frekar lélegu ástandi. Einnig eru endurbætur á aftari hluta 9. teigs áætlaðar fyrir næsta vor. Þar er um talsverða stækkun að ræða, ásamt að lagður verður göngustígur meðfram teignum. 9. flötin á Sveinskotsvelli er kominn inní framtíðarplan Sveinskotsvallar og er því stefnt að því að fara í jarðvegsskipti á flötinni og endurgera yfirborð hennar og koma fyrir vökvunarkerfi, sáð verður í flötina. Púttflötin í ísbjarnargryfjunni verður stækkuð lítið eitt, í hana lagt vökvunarkerfi og síðan sáð í hana upp á nýtt. Stígur að flötinni verður hellulagður.

## Merkingar

Haldið var áfram með að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar. Þessi vinna hefur bætt mjög heildarásýnd golfvallanna og verður gaman að vinna áfram að þessu verkefni með Guðlaugi og hans fólki.

## Vélakaup

Í ár voru settar 7,5 milljónir í vélakaup, keypt var notuð dráttarvél

af Golfklúbbi Borgarness af gerðinni John Deere, mikið álag hefur verið á dráttarvélum okkar bæði við útselda vinnu og var það orðið þannig að ekki var hægt að vinna öll þau verk sem við þurftum þar sem vélarnar voru oft á tíðum uppteknar við vinnu á fótboltavöllum. 7,5 milljón er ekki mikill peningur þegar kemur að vélakaupum í dag. Sem dæmi kostar flatarsláttuvél í dag á bilinu 8-9 milljónir. Ef að vel á að takast að halda vélakostinum í góðu horfi þarf að bæta hér verulega í.

Þá var fjárfest í lasersléttunarvél fyrir teiga, enn og aftur er Keilir í forystu annarra klúbba við þessi kaup. Erlendis er ekki teigur gerður nema með svona tæki og hefur verið um árabil. Keilir er fyrstur klúbba til að eignast svona vél og ætti það að bæta vinnuna við endurgerð og nýframkvæmdir á teigum til muna. Þessi vél hefur einnig verið hugsuð til endurútleigu til annarra golf- og fótboltavalla og þannig ættu að skapast tekjur þegar til framtíðar er litið. Við gerð teiga á nýju par 3 holunni við Eyrarsund var vélin notuð með framúrskarandi árangri.

Einnig var fjárfest í nýjum þjónustubíl við vallarvörsluna, gamli bílinn sem var knúinn bensíni var orðinn þreyttur og mikil læti í honum. Nýi bíllinn af EZGO gerð er með vönduðu húsi og rafdrifinn.



# Íþróttalegur árangur og íþróttastarf 2012

Íþróttastarf golfklúbbsins Keilis var með hefðbundnu sniði á síðasta starfsári. Eins og vanalega var byrjað að þjálfa í byrjun nóvember 2011. Fyrstu vikurnar fóru að mestu í að greina hreyfingar hjá iðkendum til að sjá hvar þeir stóðu í öllum þáttum leiksins. Eftir greiningar lögðu þjálfarar línur með hverjum og einum um hvað leggja skyldi áherslu á fyrir sumarið.

Einnig var í fyrsta skipti boðið upp á reglulegar æfingar fyrir félagsmenn undir stjórn golfkennara okkar. Er þetta afrakstur stefnumótunarvinnu stjórnar Keilis á síðasta ári þar sem ákveðið var að bjóða félagsmönnum upp á slík námskeið fyrir gott verð. Sambærilegar ábendingar komu einnig fram í síðustu viðhorfskönnun Keilis. Gríðarleg ásókn var í þessar skipulögðu æfingar og voru allir er tóku þátt mjög ánægðir með útkomuna. Nú nýverið byrjuðu þessi námskeið aftur og eru þau afar vel sótt.

Í byrjun tímabils tók Keilir í notkun nýtt skráningar- og innheimtukerfi. Kerfið heitir NORI og er notað af mörgum íþróttafélögum til að halda utan um mætingar og greiðslur æfingagjalda. Það verður að segjast að ekki gekk innheimta æfingagjalda nógu vel þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þjálfara, m.a. með miðum, tölvupóstum og skilaboðum á facebook. Eftir að Hafnarfjarðarbær tók þetta kerfi í notkun hafa þessi mál fengið betri farveg. Eru langflestir iðkendur búnir að greiða æfingagjöld sín strax í upphafi tímabilsins. Við þessar breytingu var tímabilinu breytt úr sumar- og vetrartímabili í eitt tímabil þ.e. frá 1. nóvember til 31. október ár hvert. Þannig nýtast niðurgreiðslur Hafnarfjarðarbæjar mun betur og lækka kostnað foreldra við æfingar.

Árangur Keilismanna á Eimskipsmótaröðinni árið 2012 var mun betri en árið 2011. Okkar hópur er að stækka og við eigum fleiri nöfn í toppbaráttunni en oft áður. Það hefur verið eitt af markmiðum klúbbsins að breikka hópinn á mótaröðinni. Það tókst, bæði með tilkomu tveggja nýrra Keilisfélaga og einnig eru ungu kylfingarnir farnir að láta að sér kveða meðal þeirra bestu. Hér að neðan er samantekt um verðlaun úr keppnishaldi ársins.

## Golfklúbburinn Keilir vann til 14 Íslandsmeistaratitla og 6 Stigameistaratitla.

| | |
|---|---|
| Signý Arnórsdóttir | Íslandsmeistari í Holukeppni kvenna |
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | Íslandsmeistari í Holukeppni 17-18 ára |
| Þóra Kristín Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari í Holukeppni 14 ára og yngri |
| Birgir Björn Magnússon | Íslandsmeistari í Holukeppni 15-16 ára |
| Atli Grétarsson | Íslandsmeistari í Holukeppni 14 ára og yngri |
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | Íslandsmeistari í Höggleik 17-18 ára |
| Gísli Sveinbergsson | Íslandsmeistari í Höggleik 15-16 ára |
| Henning Darri Þórðarson | Íslandsmeistari í Höggleik 14 ára og yngri |
| Sveitakeppni | Stúlkur 18 ára og yngri |
| Sveitakeppni | Drengir 15 ára og yngri |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 65+ |
| Inga Magnúsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 65+ með forgjöf |
| Hilmar Guðjónsson | Íslandsmeistari karla 55+ með forgjöf |
| Jens Karlsson | Íslandsmeistari karla 70+ með forgjöf |
| Signý Arnórsdóttir | Stigameistari Kvenna |
| Anna Sólveig Snorradóttir | Stigameistari 17-18 ára stelpur |
| Gísli Sveinbergsson | Stigameistari 15-16 ára strákar |
| Henning Darri Þórðarson | Stigameistari 14 ára og yngri strákar |
| Golfklúbburinn Keilir | Stigameistari kvenna Eimskipsmótaröðin |
| Golfklúbburinn Keilir | Stigameistari unglinga Arionbankamótaröðin |





# Annar árangur kylfinga Keilis

## Íslandsmót í höggleik

| | |
|---|---|
| Rúnar Arnórsson | 2.sæti karlaflokkur |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 2.sæti kvennaflokkur |
| Tinna Jóhannsdóttir | 3.sæti kvennaflokkur |

## Íslandsmót í holukeppni

| | |
|---|---|
| Anna Sólveig Snorradóttir | 2.sæti kvennaflokkur |

## Íslandsmót unglinga í höggleik

| | |
|---|---|
| Anna Sólveig Snorradóttir | 2.sæti stúlkur 17-18 ára |
| Birgir Björn Magnússon | 2.sæti drengir 15-16 ára |
| Helgi Snær Björgvinsson | 3.sæti strákar 14 ára og yngri |

## Íslandsmót unglinga í holukeppni

| | |
|---|---|
| Ísak Jasonarson | 3. sæti piltar 17-18 ára |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 2. sæti stúlkur 17-18 ára |
| Sara Margrét Hinriksdóttir | 3. sæti telpur 15-16 ára |
| Henning Darri Þórðarson | 3. sæti strákar 14 ára og yngri |

## Stigamót GSÍ unglingar

| | |
|---|---|
| Ísak Jasonarson | 3.sæti piltar 17-18 ára |
| Sara Margrét Hinriksdóttir | 3.sæti telpur 15-16 ára |
| Þóra Kristín Ragnarsdóttir | 2.sæti stelpur 14 ára og yngri |

## Íslandsmót eldri kylfinga

| | |
|---|---|
| Anna Snædís Sigmarsdóttir | 2. sæti konur 50+ án forgjafar |
| Inga Magnúsdóttir | 2. sæti konur 65+ án forgjafar |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | 2. sæti konur 65+ með forgjöf |
| Tryggvi Þór Tryggvason | 2. sæti karlar 55+ með forgjöf |
| Hinrik Andrés Hansen | 3. sæti karlar 55+ með forgjöf |

## Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ

Þau sem skipuðu sigursveitir Keilis 2012

## 16-18 ára, stelpur

Liðstjóri: Jóhann Hjaltason

**Leikmenn:** Anna Sólveig Snorradóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir

## 15 ára og yngri, drengir

Liðstjóri: Sigurpáll Geir Sveinsson

**Leikmenn:** Atli Grétarsson, Birgir Björn Magnússon, Gísli Sveinbergsson, Helgi Snær Björgvinsson, Henning Darri Þórðarson

## Annar árangur í sveitakeppni GSÍ

| | |
|---|---|
| A-sveit Keilis í piltar 18 ára og yngri | 2.sæti |
| A-sveit Keilis í telpur 15 ára og yngri | 2.sæti |
| B-sveit Keilis í drengir 15 og yngri | 3.sæti |
| A-sveit Keilis í kvennaflokki | 2.sæti |
| A-sveit eldri kvenna | 3.sæti |

## Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2012 völdust

Axel Bóasson,Gísli Sveinbergsson, Birgir Björn Magnússon, Henning Darri Þórðarson, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Benedikt Sveinsson, Anna Sólveig Snorradóttir, Rúnar Arnórsson, Signý Arnórsdóttir, Ísak Jasonarson, Sara Margrét Hinriksdóttir, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Kristján Þór Einarsson, Tinna Jóhannsdóttir og Högna Kristbjörg Knútsdóttir

## Landslið eldri kylfinga

Þorbjörg Jónína Harðardóttir, Guðlaugur Gíslason, Sigurjón Gíslason, Jens Karlsson, Guðmundur Ágúst Guðmundsson, Haraldur Örn Pálsson og Tryggvi Þór Tryggvasson



# Mótahald 2012

## Meistaramót Keilis 2012 haldið 1.-7. júlí. Þátttakendur 356

### Klúbbmeistarar Keilis 2012.

| | | |
|---|---|---|
| **Meistaraflokkur karla** | Kristján Þór Einarsson | 278 högg |
| **Meistaraflokkur kvenna** | Tinna Jóhannsdóttir | 287 högg |

Sigurvegarar í öðrum flokkum.

| | | |
|---|---|---|
| **1. flokkur karla** | Ásgeir Guðbjartsson | 291 högg |
| **1. flokkur kvenna** | Saga Ísafold Arnarsdóttir | 309 högg |
| **2. flokkur karla** | Jón Gunnar Gunnarsson | 306 högg |
| **2. flokkur kvenna** | Sesselía Ó. Gunnarssdóttir | 333 högg |
| **3. flokkur karla** | Sveinbjörn Guðmundsson | 332 högg |
| **3. flokkur kvenna** | Dröfn Þórisdóttir | 297 högg |
| **4. flokkur karla** | Daníel Einarsson | 270 högg |
| **4. flokkur kvenna** | Lilja Bragadóttir | 37 punktar |
| **5. flokkur karla** | Bergur Helgason | 44 punktar |

**Öldungaflokkur 70 ára og eldri**
Sigurjón R Gíslason 71 punktar

**Öldungaflokkur kvenna 65 ára og eldri**
Sigrún M Ragnarsdóttir 260 högg

**Öldungaflokkur karla forgjöf 0-15**
Guðjón Sveinsson 239 högg

**Öldungaflokkur karla forgjöf 16-34**
Ólafur S Vilhjálmsson 274 högg

**Öldungaflokkur kvenna forgjöf 0-18**
Kristjana Aradóttir 252 högg

**Öldungaflokkur kvenna forgjöf 19-34**
Erla Aradóttir 231 högg

**Piltar 17 – 18 ára**
Benedikt Árni Harðarson 225 högg

**Stúlkur 17 – 18 ára**
Guðrún Brá Björgvinsdóttir 217 högg

**Drengir 15 – 16 ára**
Gústaf Orri Bjarkason 234 högg

**Telpur 15 – 16 ára**
Sara Margrét Hinriksdóttir 256 högg

**Strákar 14 ára og yngri**
Atli Már Grétarsson 218 högg

**Stelpur 14 ára og yngri**
Þóra Kristín Ragnarsdóttir 241 högg

### Bikarmeistari Keilis 2012

Jón Ingi Jóhannesson, Jón Ingi sigraði Gary Frank Vinson í úrslitaleiknum.

**Gildandi vallarmet**

| | |
|---|---|
| Kristján Þór Einarsson | GK 62 högg af **hvítum teigum** (Meistaramót Keilis 2012). |
| Ólafur Már Sigurðsson | GK 64 högg af **gulum teigum** (2004). |
| Ragnhildur Sigurðardóttir | GR 68 högg af **bláum teigum** (2005). |
| Ágúst Elí Björgvinsson | GK 67 högg af **rauðum teigum** (2009). |
| Henning Darri Þórðarson | GK 68 högg af **bláum teigum** (Meistaramót Keilis 2012). |
| Ragna Björk Ólafsdóttir | GK 68 högg af **rauðum teigum** (2008) |
| Gísli Sigurðsson | GK 72 högg af **rauðum teigum** (2003) vallarmet 70 ára + |

### Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2012 og tilkynntu til skrifstofu Keilis.

**Hvaleyrarvöllur**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Grétar Rúnar Skúlason | GK | 10.08.2011 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Sigurjón Sigurðsson | GK | 16.03.2012 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Birgir Björn Magnússon | GK | 17.05.2012 | Garðavöllur | 8. flöt |
| Magnús Einarsson | GK | 19.06.2012 | Keilisvöllur | 4. flöt |
| Aron Atli B. Valtýson | GK | 11.07.2012 | Keilisvöllur | 6. flöt |
| Arnór Pálsson | GK | 14.06.2012 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Baldur Mikael Gunnarsson | GK | 25.07.2012 | Selsvöllur | 9. flöt |
| Gunnar Þór Halldórsson | GK | 26.07.2102 | Húsatóftav. | 7. flöt |
| Gissur Ísleifsson | GK | 30.07.2012 | Keilisvöllur | 16. flöt |
| Jóhann Reynisson | NK | 16.08.2012 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Logi Úlfljótsson | GK | 25.09.2012 | Brautarholt | 8. flöt |
| Jens Karlsson | GK | 02.10.2012 | Keilisvöllur | 10.flöt |

**Sveinkotsvöllur**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Jón Gunnar Gunnarsson | GK | 20.05.2012 | Sveinskot | 9. flöt |
| Ragnar Kvaran | GK | 14.06.2012 | Sveinskot | 13. flöt |
| Bjarki Guðmundsson | GK | 03.07.3012 | Sveinskot | 6. flöt |
| Bergsveinn Bergsveinsson | GK | 04.07.2012 | Sveinskot | 6. flöt |
| Bjargey Eyjólfsdóttir | GK | 31.07.2012 | Sveinskot | 3. flöt |

# Félagslíf

## Kvennastarf

Kvennastarf Keilis 2012 hófst í janúar með púttmótaröð (8 mót) þar sem sigurvegari var Guðrún Bjarnadóttir. Sumarstarfið var síðan með hefðbundnum hætti, farið var í dagsferð til Akraness í byrjun sumars, í sumarmótaröðinni voru 8 mót yfir sumarið og í lok sumars var farið í helgarferð til Hveragerðis og haldið mót þar. Sigurvegarar sumarmótaraðarinnar voru Kristrún Runólfsdóttir í forgjafaflokki 18.1 – 34 með 156 punkta fyrir 4 mót og Þórdís Geirsdóttir í forgjafaflokki 0 – 18 með 146 punkta fyrir 4 mót. Á Sveinskotsvelli var Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir sigurvegari með 72 punkta, en á Sveinskotsvelli voru spilaðar 9 holur í mótunum. Vinkvennamót með Oddskonum var haldið í júlí, þetta voru 2 mót, Oddskonur komu og spiluðu með okkar konum á Keilisvelli og Keiliskonur fóru síðan og spiluðu með Oddskonum á Urriðakotsvelli. Keiliskonur unnu þetta mót þriðja árið í röð. Mjög góð þátttaka var í kvennastarfinu á þessu ári og tóku t.d. um 100 konur þátt í sumarmótaröðinni einu sinni eða oftar og metþátttaka var í haustferðina.

## Mótahald

Eftir viðhorfskönnun á meðal Keilifélaga á síðasta ári kom sterkt fram að fækka þyrfti mótum til að auka aðgengi félagsmanna að vellinum, stjórn klúbbsins fór í það að móta starfsreglur fyrir starfsmenn klúbbsins varðandi aðgengi annarra en félagsmanna að golfvöllunum. Samþykkt var að Keilir legði ekki til fleiri en 3 daga í mót á vegum GSÍ, en hingað til hafa þetta verið allt uppí 9 dagar sem hafa farið undir slík mót. Einnig var reynt að stýra fyrirtækjamótum þar sem loka þarf vellinum. Þá voru settar reglur um fyrirfram pantaða rástíma að eftir klukkan 15 á daginn var óheimilt að taka frá meira en tvo samliggjandi tíma í rástímaskráningunni fyrir aðra en félagsmenn. Það er von stjórnar Keilis að þetta hafi létt á rástímaskráningunni og aukið aðgengi félagsmanna.

Það er ánægjulegt hversu góð þátttaka var í innanfélagsmótunum. Mikið lagt uppúr góðum verðlaunum og bættu utanumhaldi mótana og mæltist það vel fyrir, hugmyndin er að gefa félagsmönnum tækifæri að spila í mótum við lægra gjaldi en gengur og gerist í opnum mótum og keppa um glæsileg verðlaun í leiðinni. Alls voru haldin 6 innanfélagsmót á árinu.

Golfvöllur Keilis var leigður út til fyrirtækja eins og undanfarin ár, alls voru þetta 6 skipti sem völlurinn var að lokaður hluta úr degi, oftast var völlurinn þó opnaður um 15. Auk þessa voru ýmis fyrirtæki og félagasamtök með rástíma 1 til 2 tíma í senn. Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar, Haukar, FH, Icelandair, Landsbankinn og Rio Tinto Alcan héldu sín árlegu golfmót hjá okkur.

## Æfingaferð

Á vordögum var haldið í æfingaferð til Costa Ballena á suðurströnd Spánar. Ferðin gekk vel en iðkendur voru hvorki fleiri né færri en 48. Dvalið var á Costa Ballena í góðu veðri og má ljóst vera að þessar æfingaferðir sem orðnar eru fastur liður í undirbúningi keppniskylfinga klúbbsins skila miklum árangri. Æfingar fóru fram undir styrkri stjórn Björgvins Sigurbergssonar og Sigurpáls Geirs Sveinssonar.

## Skemmtanir

Haldið var upp á Jónsmessuna 2. júlí. Þátttakan var mjög góð, alls tóku 76 keppendur þátt í Jónsmessugleðinni að þessu sinni. Bændaglíma var haldin laugardaginn 6. október, fín mæting var í mótið og völdust þeir Ottó Leifsson og Sveinn Snorrason sem er á 87. aldursári bændur og fóru fyrir sínum liðum. Það var lið Ottós sem sigraði í þetta skiptið. Það er greinilegt að þessar uppákomur báðar eru orðnar það fjölmennar að verulega þrengir að gestum. Undanfarin ár hefur þurft að takmarka þátttöku við 80 keppendur því salurinn tekur ekki fleiri.
Afreksmannahóf Keilis hefur verið er fastur liður á hverju ári, hófið var haldið að venju í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á fimmtudagskvöldum eru bridgekvöld, en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum.
Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.
Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta þess að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

## Golfkennarar og golfleiðbeinendur

Á liðnu ári sáu golfkennarar okkar þeir Sigurpáll Geir Sveinsson, Björgvin Sigurbergsson og Jóhann Hjaltason ásamt nokkrum afrekskylfingum sem voru þeim til aðstoðar um golfæfingar unglinga og afrekshópa Keilis ásamt því að sjá um sumarnámskeið Keilis fyrir börn og unglinga. Þökkum við þeim fyrir mjög gott starf á liðnu ári.

## Foreldraráð

Foreldraráð Keilis hefur starfað undanfarin 5 ár og óhætt er að fullyrða að það hefur haft mikilvægu hlutverki að gegna í að styðja við öflugt unglingastarf klúbbsins og eiga gott samráð og samstarf við bæði stjórn Keilis og þjálfara.

Hlutverk ráðsins er m.a. að að veita aðhald og efla sem kostur er félagsstarf og samheldni unglingahópsins og foreldra, fylgjast með skipulagi æfinga og keppnishaldi, koma í veg fyrir brottfall sem kostur er og styðja og efla unglingastarfsemina hjá Keili sem hefur verið í miklum blóma og farið vaxandi á undanförnum árum.

Eitt af stærstu og tímafrekustu verkefnum foreldraráðs á nýliðnu starfsári var að skipuleggja og aðstoða við fjármögnun á æfingaferð unglingahópsins til Costa Ballena á Spáni en alls fóru um 50 unglingar í æfingaferðina að þessu sinni, fleiri en nokkru sinni fyrr. Undirbúningur og skipulag var með miklum ágætum undir stjórn þjálfara og foreldraráðs og þessi stóri og glæsilegi hópur var sem fyrrum til mikils sóma fyrir klúbbinn í alla staði.

Margar leiðir voru farnar við fjáröflun sem gáfust misvel. Gefið var út sérstakt golfdagatal fyrir Keilisfélaga, haldin vegleg skötuveisla á Þorláksmessu í golfskálanum, Maraþon golf í sólarhring með áheitasöfnun í Hraunkoti, farið í dósasöfnun og ýmiss varningur hafður til sölu. Ljóst er að mikil fyrirhöfn fylgir ýmsum þessum fjáröflunarleiðum og ástæða til að yfirfara og endurskoða þetta verkefni og velja þá þætti sem skila mestu. Jafnframt er rétt að hefja undirbúning að skipulagi ferðar og fjáröflunar strax í upphafi vetrarstarfs og nýta tímann sem best fram að brottför.

Unglingahópurinn skilaði glæstum árangri á helstu keppnismótum sumarins sem er uppskera markvissrar þjálfunar og skipulags í unglingastarfi nú. Mikilvægt er að halda áfram vel utan um starfið á öllum sviðum eins og hingað til. Uppskeruhátíð sumarstarfsins var að venju Álfagaldur í lok æfingatímabilsins í september og tókst með ágætum.

Víðir Már Atlason sem hefur leitt starfsemi Foreldraráðs undanfarin af mikilli elju lét af störfum á haustdögum og eru honum þökkuð góð störf í þágu klúbbsins.

## Æfingaaðstaða Keilis (Hraunkot)

Við Keilisfólk getum verið stolt af okkar aðstöðu til æfinga, ekki eru margir klúbbar sem státa af jafn góðri heilsársaðstöðu og Keilir og hefur Hraunkot vakið eftirtekt langt fyrir utan landssteinana. Þrátt fyrir það er það annað árið nú í röð sem er samdráttur er í seldum boltum í Hraunkoti, það er visst áhyggjuefni en samt verðugt verkefni sem þarf að takast á við. Hraunkot hefur verið góð tekjulind Keilis í þau fáu ár sem opið hefur verið og heldur áfram að skila tekjum inn í félagið þótt þær séu minni nú en fyrstu ár þessarar aðstöðu. Í ár var orðið nauðsynlegt að fara í viðhaldsaðgerðir á svæðinu sem kostaðu um 3,5 milljónir króna og er því minna sem kemur inní reksturinn þetta árið frá Hraunkoti. Ekki eru fyrirsjáanlegar jafn dýrar viðhaldsaðgerðir á næsta ári og vonandi verður Hraunkot áfram stoð og stytta í rekstri Keilis. Einnig hefur tekist að semja við Hafnarfjarðarbæ um notkun á inniaðstöðunni sem ætti að styrkja reksturinn aðeins. Þá er golfkennaraskólinn að fara aftur í gang en hann lá niðri á síðasta ári.

## Heimasíðan keilir.is

Ný og glæsileg heimasíða fór í loftið þann 9. júni á síðasta ári, það voru þeir félagar okkar í Keilir sem eiga og reka fyrirtækið Kasmír sem sáu um uppsetningu og útlitshönnun nýju síðunnar. Einsog kemur hér fram í viðhorfskönnunni þá hefur nýja síðan mælst vel fyrir og var sérstök áhersla lögð á enska útgáfu hennar þar sem útlendingum hefur fjölgað mjög og áhugi þeirra á golfvellinum okkar vaxið. Hér eru nokkrar punktar varðandi notkun síðunnar okkar á síðasta á.

- Frá því að vefurinn opnaði 9. júní til septemberloka komu 18.485 stakir gestir inn á vefinn.
- Á sama tímabili voru heildar heimsóknir 59.869 og heildarflettingar 109.991. Að meðaltali fletta gestir 1,89 síðu í hverri heimsókn og eyða að meðaltali 1 mín. og 40. sek. inni á vefnum í hverri heimsókn.
- Í Meistaramótsvikunni (1. til 7. júlí) komu 3.031 gestir inn á vefinn. Heildarheimsóknir voru 6.113 og síðuflettingar 12.950.
- Stærsti dagurinn í Meistaramótsvikunni var mánudagurinn 2. júlí með 1.073 stökum gestum. (Það er líka stærsti dagurinn í allt sumar)
- Í Evrópumótsvikunni (8. til 14. júlí) komu 2.606 gestir inn á vefinn. Heildarheimsóknir voru 5.215 og síðuflettingar 10.975.
- Stærsti dagurinn í Evrópumótsvikunni var

fimmtudagurinn 12. júlí (fyrsti keppnisdagur) með 869 staka gesti. Í október voru heimsóknir töluverðar, 3.589 stakir gestir, 8.451 heildarheimsóknir og 13.745 flettingar. En minnkaði samt jafnt og þétt eftir því sem leið á mánuðinn.

- Á rólegustu dögunum í nóvember koma samt um 200 gestir inn á vefinn, daglega. Rólegustu dagarnir í júlí eru með 3-400 gestum

Gestur = Hver tölva bara talin einusinni
Heimsóknir = Hver heimsókn inn á www.keilir.is talin
Flettingar = Hver síðufletting talin, t.d ef lesnar eru þrjár fréttir og skoðuð ein undirsíða, þá eru það fjórar flettingar.

- 10% koma í gegnum leitarvélar (aðallega Google)
- 39% koma í gegnum aðrar vefsíður (t.d Golf.is, Facebook, Kylfingur, Ja.is, Hraunkot.is
- 51% koma beint inn á vefin (slá bara inn vefslóðina)

## Púttmótaraðir Hraunkots

Á gamlaársdag viðraði því miður ekki til golfmóts á Hvaleyrinni og var það því fært inní Hraunkot þar sem 117 kylfingar mættu og tóku léttan pútthring fyrir átök kvöldsins.
Eftir áramótin voru haldin púttmót í Hraunkoti og voru þau öll mjög vel sótt en um 300 manns sóttu mótin sem er glæsilegt og sýnir þörfina yfir golfafþreyingu yfir vetrarmánuðina.

## Samstarf við aðra golfklúbba

Í sumar voru samningar um aðgengi félagsmanna, með góðum afslætti, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

- Golfklúbbi GS í Leiru
- Golfklúbbi GHR á Hellu
- Golfklúbbi Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbnum Geysi
- Golfklúbbi Selfoss
- Golfklúbbi Borgarness
- Golfklúbbi Sandgerðis

Samtals voru þetta 1.845 leiknir hringir, en voru í fyrra 1.928.




## Leiknir hringir 2012

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir alls 43.063 hringir hjá Golfklúbbnum Keili á síðasta sumri. Á árinu 2011 voru leiknir 39.785, aðalástæða þessarar fjölgunar er að golfvellirnir opnuðu fyrr á þessu ári eða 1. maí. Mikil fjölgun var á spili í maí mánuði miðað við árið í fyrra einsog sést á súluritinu. Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 66% af notkuninni og að meðaltali fóru um 179 kylfingar í gegnum völlinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 60% af félagsmönnum og þann völl léku 54 kylfingar á dag. Má af þessum tölum sjá að Keilisvellirnir eru mjög vel nýttir.

**Skipting er eftirfarandi :**

- Hvaleyrarvöllur 33.033 hringir
- Sveinskotsvöllur 10.030 hringir






# Lokaorð

Greinilegt er að Golfklúbburinn Keilir er á réttri leið með íþrótta- og afreksstarfið. Að vísu náðum við ekki Íslandsmeistaratitlum í meistaraflokkum karla og kvenna en þar átti Anna Sólveig Snorradóttir frábæra innkomu og var í baráttunni um Íslandsmeistaratitil alveg fram á síðasta pútt en endaði í öðru sæti. Rúnar Arnórsson var einnig í baráttunni um titilinn en endaði einnig í öðru sæti, mjög góður árangur hjá þessu unga fólki okkar.

Íslandsmeistaratitlum fjölgar á milli ára í unglingaflokkum.
Fjórða árið í röð er Keilir með lægsta meðalskor unglinga á GSÍ mótaröðinni, einnig var Keilir með með lægsta meðalskor kvenna á GSÍ mótaröðinni. Frábær íþróttalegur árangur, ef fram heldur sem horfir er ljóst að framtíðin er björt hjá Keili.

Fram kom í tilkynningu frá Keili nú á árinu að farið verður í breytingar á Hvaleyrinni skv. samþykktri og kynntri tillögu, áætlað er að þessum framkvæmdum verði lokið á 50 ára afmæli Keilis árið 2017.

Að öllum líkindum munu vinavellir verða áfram  þeir sömu og voru á síðasta starfsári.
Eins og ég sagði frá í fyrra var golfklúbbnum Keili falið að halda European Mens's Challenge Trophy sem undankeppni Evrópumóts karlalandsliða. Í stuttu máli sagt þá gekk þetta mót frábærlega fyrir sig og fengum við topp einkunn fyrir mótshaldið og þar má helst þakka frábæru samstarfi EGA þar sem Haukur Örn Birgisson var formaður mótanefndar , starfsmönnum GSÍ og Keilis, ásamt öllum þeim sjálfboðaliðum sem komu að þessu og þá sérstaklega þeim Herði Geirssyni, Má Sveinbjörnssyni og hinum frábæra ræsi Halldóri Halldórssyni.
Vegna þessa móts komu hingað Sören Clemmenssen frá EGA, Gonzaga Escauriaza frá EGA, Tony Wright frá R&A og voru þeir hinir ánægðustu með framkvæmd mótsins.
Ég nefndi það í fyrra að Keilir hefði hafið vinnu við umhverfisvottun frá GEO, við náðum ekki að klára þessa vinnu það er eins og oft áður að þessi vinna reyndist meiri og flóknari en gert var ráð fyrir, samt sem áður er Keilir sá golfkúbbur sem er komin lengst í þessari vinnu en við gerum ráð fyrir því að fá vottun á vormánuðum 2013 fyrstir íslenskra golfklúbba.
Það má minnast á það að það er stefna GSÍ að allir golfvellir innan sambandsins verði vottaðir af GEO.
Ný heimasíða fór í loftið á árinu og er það okkar mat að þar höfum við bætt útlit síðunnar og upplýsingagjöf til félaga, þarna er nú komin inn stefnumótunarvinnan sem við fórum í og innrastarf Keilis.

Enn ein rósin kom í hnappgat Keilis, því að mati bresku vefsíðunnar Top 100 Golf Courses komst Keilir inná 100 bestu velli í Evrópu utan Bretlandseyja árið 2012, og eins og framkvæmdarstjórinn sagði þá er þetta fyrst og fremst gæðastimpill fyrir þá vinnu sem unnin hefur verið hér á undanförnum árum og hvetur þetta okkur til að gera enn betur á næstu árum.

Formannafundur var haldin 17. nóvember hjá Golfklúbbi Suðurnesja, mættu 60 fulltrúar frá golfklúbbunum og báru saman bækur sínar.

Í fyrra sagði ég frá að vallarstjórinn Daniel Harley og framkvæmdarstjórinn Ólafur Þór hefðu lokið sínu fyrsta ári með ágætum árangri, en það er skemmst frá því að segja að Daniel sagði starfi sínu lausu sem vallarstjóri og er að flytjast af landi brott og þökkum við honum fyrir vel unnin störf.
Við höfum ráðið nýjan vallarstjóra og er það Bjarni Þór Hannesson, hann hefur starfað sem vallarstjóri hjá Golfklúbbi Grindavíkur, vallarstjóri hjá Leyni Akranesi árin 2002-2003, Sunningdale golfvellinum í Englandi og einnig Nashawtuc Country Club í Bandaríkjunum.
Bjarni stundaði nám við Elmwood College í Skotlandi í golfvallarfræðum, er með M.Sc gráðu í Sports Turf Technology frá Cranfield háskólanum sem hefur verið leiðandi á því sviði.
Þá hefur Björgvin Sigurbergsson sagt starfi sínu lausu og snúið sér að iðn sinni og ætlar að fara smíða fyrir landann, en Björgvin mun taka að sér sérverkefni fyrir afrekshópana, þannig að við munum sjá hann eitthvað á æfingasvæðinu, Keilir þakkar Björgvini fyrir frábær störf sem golfkennari Keilis öll þessi ár. Nú er bara að sjá til hvort hann verði ekki meira á golfvellinum,blæs rykið af kylfunum og taki upp fyrri takta.

Eftir þessa upptalningu hvað hefur verið gert og hvar Keilir stendur sig vel, þá kemur upp í hugann hjá mér hvar við getum bætt okkur og hvað má betur fara, í því sambandi þá er þetta annað árið í röð sem við sendum út viðhorfskönnun til félagsmanna og viljum við hvetja félagsmenn til að taka þátt í henni því hún er

okkur stjórnendum mikilvægt stjórntæki til að vita hvað við erum ánægð með og hvað ekki, nú í ár eru heldur færri sem taka þátt í henni og er það miður. Það sem við höfum verið að laga frá því sem kom út úr viðhorfskönnunni í fyrra var fjöldi móta sem sumir félagsmenn voru ósáttir með og teljum við að við höfum náð að fækka mótum og þurfum við því að vita hvort við höfum staðið okkur. Það sem kemur helst út úr viðhorfskönnunni í ár er að félagar vilja bæta eftirlit og leikhraða og munum við því skoða það mál vel og reyna að bæta úr því. Ég vil því undirstrika við okkar félagsmenn að nota þetta verkfæri til að koma skilaboðum til okkar en Ólafur Þór mun fara yfir viðhorfskönnunina hér á eftir.

Hvaleyrarvöllurinn var að venju frábær þetta árið og vil ég þakka vallarstarfsmönnum fyrir frábært starf.

Einnig vil ég þakka framkvæmdastjóra, skrifstofufólki, kennurum og ræsum fyrir vel unnin störf svo og samstarfsaðilum okkar sem og Brynju Þórhallsdóttur sem að vanda sá um veitingar hér í skálanum.

Ég vil þakka stjórn Keilis fyrir vel unnin störf þar sem verkefnin eru einsog ávallt mikil og krefjandi.
Okkar markmið eru einsog ávallt, að Golfklúbburinn Keilir verði ætíð í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Við í stjórn Keilis sendum félögum okkar óskir um Gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Með kveðju,
*Bergsteinn Hjörleifsson, formaður Keilis.*











Svipmyndir frá liðnu sumri







# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
# STEINHOLTI 1
# HAFNARFJÖRÐUR
# KT. 680169-6919

# ÁRSREIKNINGUR 2012

## Áritun endurskoðanda

Ég hef endurskoðað ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2011 til 31. október 2012. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 14. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við endurskoðunina kannaði ég bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurnir og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Ég hef fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og tel mig hafa grunn til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2012 í samæmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 4.desember 2012

Gunnar Hjaltalín, löggiltur endurskoðandi.

# Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2012, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2011 til 31. október 2012 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbnum störfuðu á árinu um lengri eða skemmri tíma alls 30 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili 1331.

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 4.desember 2012.



# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur :** | | | |
| Félagsgjöld | | 90.094.694 | 79.187.474 |
| Flatargjöld | | 11.722.355 | 14.864.592 |
| Mótatekjur | 1 | 14.315.230 | 14.292.084 |
| Styrkir og framlög | 2 | 16.026.445 | 14.992.709 |
| Tekjur æfingasvæðis | | 19.482.106 | 21.044.716 |
| Tekjur verslunar | 3 | 7.084.155 | 4.430.715 |
| Seld þjónusta | | 18.331.431 | 16.501.301 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Aðrar tekjur | 4 | 9.894.818 | 8.736.046 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 189.351.234 | 176.449.637 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Félagsskattur GSÍ | | 4.976.000 | 4.816.000 |
| Mótagjöld | 5 | 3.398.797 | 3.722.435 |
| Styrkir og þjálfunarkostnaður | 6 | 17.179.691 | 15.083.511 |
| Rekstur æfingasvæðis | 7 | 19.352.832 | 15.572.437 |
| Viðhald og rekstur valla | 8 | 36.741.688 | 33.099.848 |
| Viðhald og rekstur véla | 9 | 14.294.081 | 13.439.746 |
| Rekstur fasteigna | 10 | 9.727.560 | 8.875.186 |
| Stjórnunarkostnaður | 11 | 23.951.745 | 23.767.694 |
| Rekstur verslunar | 12 | 9.267.951 | 6.083.900 |
| Rekstur útseldrar þjónustu | 13 | 15.567.125 | 15.385.530 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Annar kostnaður | 14 | 4.994.635 | 5.518.174 |
| Afskriftir | | 7.394.102 | 6.246.145 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 169.246.207 | 154.010.606 |
| **Hagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | 20.105.027 | 22.439.031 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.507.669 | 1.244.419 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | -8.330.181 | -15.290.819 |
| Gengismunur | | 28.797.976 | 17.132.545 |
| **Samtals** | | 21.975.464 | 3.086.145 |
| **Hagnaður ársins** | | 42.080.491 | 25.525.176 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2012

| **EIGNIR** | **Skýr.** | **2012** | **2011** |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 207.327.243 | 207.327.243 |
| Bifreiðar | | 1.117.775 | 1.315.029 |
| Vélar og tæki | | 38.436.065 | 31.319.712 |
| Áhöld og innréttingar | | 2.346.071 | 2.760.083 |
| Golfvöllur | | 272.266.582 | 265.430.026 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 521.493.735 | 508.152.093 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | | 8.072.188 | 7.624.404 |
| Viðskiptakröfur | | 7.901.541 | 15.111.909 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 1.615.076 | 5.199.362 |
| Bankainnistæður | | 544.852 | 451.642 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 18.133.657 | 28.387.317 |
| **Eignir alls** | | 539.627.392 | 536.539.410 |

| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:** | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé.** | | | |
| Framlag Hafnarfjarðarbæjar | | 249.103.175 | 249.103.175 |
| Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun | | 167.771.696 | 142.246.520 |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 42.080.491 | 25.525.176 |
| **Eigið fé samtals** | | 458.955.362 | 416.874.871 |
| **Langtímaskuldir:** | | | |
| Verðtryggðar skuldir | | 65.449.547 | 102.637.046 |
| Næsta árs afborgun | | -8.000.000 | -12.000.000 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | 57.449.547 | 90.637.046 |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Tékkareikningslán | | 0 | 7.315.764 |
| Viðskiptaskuldir | | 8.178.022 | 3.008.439 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | | 5.796.369 | 4.547.828 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | | 0 | 750.000 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | | 1.248.092 | 1.405.462 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | | 8.000.000 | 12.000.000 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 23.222.483 | 29.027.493 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 539.627.392 | 536.539.410 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2012.

### HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 42.080.491 | 25.525.176 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:: | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 7.394.102 | 6.246.145 |
| Verðbætur langtímalána | 3.250.000 | 4.287.039 |
| Gengismunur langtímalána | -28.797.976 | -17.132.545 |
| | 23.926.617 | 18.925.815 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | |
| Skammtímakröfur, lækkun | 10.794.654 | 10.088.724 |
| Vörubirgðir, (hækkun) lækkun | -447.784 | 410.360 |
| Skammtímaskuldir, lækkun(hækkun) | 5.510.754 | -2.804.809 |
| | 15.857.624 | 7.694.275 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS** | 39.784.241 | 26.620.090 |

### FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Endurbætur á golfvelli og húsnæði | -6.836.556 | -3.758.760 |
| Vélakaup | -13.899.188 | -6.958.713 |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS** | -20.735.744 | -10.717.473 |

### FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Afborgun veðskulda | -11.639.523 | -18.548.669 |
| (Lækkun), hækkun tékkareikningsláns | -7.315.764 | 2.834.288 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | -18.955.287 | -15.714.381 |
| **HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ** | 93.210 | 188.236 |
| Handbært fé i ársbyrjun | 451.642 | 263.406 |
| **HANDBÆRT FÉ 31.10. 2012.** | 544.852 | 451.642 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2012.

### FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreiðar | Áhöld og Innr. | Vélar og tæki | Golfvöllur |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 01.01 ................ | 207.327.243 | 1.315.029 | 2.760.083 | 31.319.712 | 265.430.026 |
| Keypt á árinu ................... | 0 | 0 | 0 | 13.899.188 | 6.836.556 |
| Afskriftir ársins ................ | 0 | -197.254 | -414.012 | -6.782.835 | 0 |
| | 207.327.243 | 1.117.775 | 2.346.071 | 38.436.065 | 272.266.582 |
| Bókfært verð 31.10. 2012 | 207.327.243 | 1.117.775 | 2.346.071 | 38.436.065 | 272.266.582 |

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvellir eru ekki afskrifaðir, enda litið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbættri fjárfestingu ársins í slíkum eignum.

### EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2012.

| | Yfirfært frá fyrra ári | Rekstrar afkoma | Samtals 30.6.2012 |
|---|---|---|---|
| **Annað eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé ................. | 167.771.696 | 42.080.491 | 209.852.187 |
| Framlag Hafnarfjarðar ........... | 249.103.175 | 0 | 249.103.175 |
| | 416.874.871 | 42.080.491 | 458.955.362 |

Hreyfingar ársins á óráðstöfuðu eigin fé voru sem hér greinir:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári ................................................ | 167.771.696 |
| Hagnaður ársins 2012 ............................................ | 42.080.491 |
| | 209.852.187 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2012.

| | | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **1.** | **MÓTATEKJUR** | | |
| | Tekjur, opin mót | 8.646.480 | 8.867.084 |
| | Tekjur, innanfélagsmót | 3.753.750 | 4.005.000 |
| | Tekjur, firmakeppni | 1.915.000 | 1.420.000 |
| | **MÓTATEKJUR ALLS** | 14.315.230 | 14.292.084 |
| **2.** | **STYRKIR OG FRAMLÖG** | | |
| | IBH, Alcan styrkur vegna unglinga | 646.698 | 627.135 |
| | Ferðastyrkur íþróttaráð | 260.000 | 260.000 |
| | Framlag ÍSÍ vegna getrauna | 279.008 | 285.793 |
| | Framlag ÍSÍ vegna lottó | 706.230 | 659.020 |
| | Afreksmannasjóður ÍBH | 0 | -300.000 |
| | Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja | 8.977.617 | 8.152.195 |
| | Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla | 5.156.892 | 5.308.566 |
| | **STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS** | 16.026.445 | 14.992.709 |
| **3.** | **TEKJUR VERSLUNAR** | | |
| | Seldar golfvörur | 7.084.155 | 4.430.715 |
| | **TEKJUR VERSLUNAR ALLS** | 7.084.155 | 4.430.715 |
| **4.** | **AÐRAR TEKJUR** | | |
| | Skápaleiga. | 756.000 | 805.000 |
| | Leiga golfbíla og golfsetta | 2.325.340 | 2.153.600 |
| | Unglinganámskeið og æfingargjöld | 5.032.208 | 4.922.822 |
| | Húsaleigutekjur | 230.000 | 167.000 |
| | Vetrarsala | 551.270 | 687.624 |
| | Seldar vélar | 1.000.000 | 0 |
| | **AÐRAR TEKJUR ALLS** | 9.894.818 | 8.736.046 |
| **5.** | **MÓTAGJÖLD** | | |
| | Kostnaður vegna innanfélagsmóta | 1.347.131 | 900.828 |
| | Kostnaður vegna opinna móta | 2.051.666 | 2.821.607 |
| | **MÓTAGJÖLD ALLS** | 3.398.797 | 3.722.435 |
| **6.** | **STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR** | | |
| | Laun og launatengd gjöld þjálfara | 13.134.970 | 11.742.464 |
| | Annar kostnaður | 5.480 | 27.749 |
| | Keppnisstyrkir | 3.478.075 | 3.016.066 |
| | Evrópukeppni | 0 | 50.000 |
| | Þjálfun afreksfólks | 561.166 | 247.232 |
| | **STYRKIR OG ÞJÁLFUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 17.179.691 | 15.083.511 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **7.** | **REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS** | | |
| | Laun vegna Hraunkots og eftirlits | 6.897.197 | 6.173.085 |
| | Tryggingagjald | 653.393 | 737.240 |
| | Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 756.104 | 775.601 |
| | Æfingaboltar | 2.378.275 | 2.631.621 |
| | Hraunkot innkaup og auglýsingar | 2.517.280 | 1.895.707 |
| | Hraunkot viðhald | 4.185.509 | 1.254.229 |
| | Hraunkot rafmagn og hiti | 1.356.109 | 1.308.095 |
| | Starfsmannakostnaður | 61.465 | 237.009 |
| | Viðhald svæðis og æfingamottur | 547.500 | 559.850 |
| | **REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS** | 19.352.832 | 15.572.437 |
| **8.** | **VIÐHALD OG REKSTUR VALLA** | | |
| | Launakostnaður | 24.785.495 | 23.211.304 |
| | Tryggingagjald | 2.045.727 | 2.296.820 |
| | Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 2.313.228 | 2.122.620 |
| | Námskeið ofl. Vegna starfsmanna | 1.017.102 | 464.826 |
| | Vinnufatnaður starfsmanna | 628.844 | 130.348 |
| | Félagsgjöld SIGI | 55.000 | 45.000 |
| | Viðhald valla | 2.653.183 | 2.504.663 |
| | Áburður og fræ | 688.688 | 462.706 |
| | Sandur | 441.271 | 210.735 |
| | Eftirlit á völlum | 1.926.900 | 1.623.950 |
| | Aðkeyptur akstur | 186.250 | 26.876 |
| | **VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS** | 36.741.688 | 33.099.848 |
| **9.** | **VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA** | | |
| | Launakostnaður | 4.469.900 | 4.399.340 |
| | Tryggingagjald | 361.886 | 410.987 |
| | Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 383.496 | 351.947 |
| | Eldsneyti á vélar og tæki | 3.652.241 | 3.047.374 |
| | Viðhald og varahlutir | 5.086.058 | 4.913.536 |
| | Tryggingar véla og tækja | 340.500 | 316.562 |
| | **VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS** | 14.294.081 | 13.439.746 |
| **10.** | **REKSTUR FASTEIGNA** | | |
| | Hiti og rafmagn | 2.173.876 | 1.559.996 |
| | Viðhald skála | 1.454.681 | 1.343.788 |
| | Viðhald áhaldahúss | 449.576 | 331.782 |
| | Tryggingar | 1.158.776 | 1.213.240 |
| | Hreinlætisvörur | 882.813 | 614.773 |
| | Viðhald áhalda og innréttinga | 69.075 | 350.750 |
| | Fasteignagjöld | 0 | 217.207 |
| | Securitas gæsla | 727.668 | 627.683 |
| | Ræsting, | 2.811.095 | 2.615.967 |
| | **REKSTUR FASTEIGNA ALLS** | 9.727.560 | 8.875.186 |

## 11. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 13.554.028 | 14.508.501 |
| Tryggingagjald | 1.153.537 | 1.378.108 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.537.210 | 1.598.470 |
| Sími á skrifstofu | 1.382.310 | 1.269.748 |
| Prentun og ritföng | 1.164.112 | 1.300.526 |
| Frímerki og gíróseðlar | 64.281 | 164.223 |
| Kostnaður vegna stjórnar og nefnda | 1.425.014 | 1.285.483 |
| Viðhald skrifstofutækja | 2.587.653 | 1.172.792 |
| Bókhald/Endurskoðun | 526.002 | 354.745 |
| Annar kostnaður | 557.598 | 735.098 |
| **STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 23.951.745 | 23.767.694 |

## 12. REKSTUR VERSLUNAR

| | | |
|---|---|---|
| Golfvörur | 4.943.410 | 2.831.955 |
| Laun og launatengt verslun | 4.324.541 | 3.251.945 |
| **REKSTUR VERSLUNAR ALLS** | 9.267.951 | 6.083.900 |

## 13. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 9.000.000 | 8.500.000 |
| Tryggingagjald | 871.920 | 794.070 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.080.000 | 1.020.000 |
| Áburður og fræ | 1.403.094 | 2.288.816 |
| Flutningur tækja | 596.410 | 501.177 |
| Viðhald véla | 1.115.701 | 1.061.467 |
| Eldsneyti | 1.500.000 | 1.220.000 |
| **REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS** | 15.567.125 | 15.385.530 |

## 14. ANNAR KOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Flatargjöld á vinavöllum | 1.938.737 | 1.876.200 |
| Tækifærisgjafir og gestamóttaka | 670.967 | 713.428 |
| Afnotagjald sjónvarps | 324.763 | 308.509 |
| Auglýsingar | 447.867 | 699.458 |
| Eftirlitsgjald og starfsleyfi | 14.250 | 189.523 |
| Pokamerki | 373.676 | 613.404 |
| Golfskóli/kennsla | 352.675 | 342.706 |
| Gámaleiga | 871.700 | 774.946 |
| **ANNAR KOSTNAÐUR ALLS** | 4.994.635 | 5.518.174 |

# FJÁRHAGSÁÆTLUN GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2013

| Rekstrartekjur | | Áætlun 2013 | Rauntölur 2012 |
|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | Kr. | 95.600.000 | 90.094.694 |
| Flatargjöld | Kr. | 12.000.000 | 11.722.355 |
| Mótatekjur | Kr. | 14.200.000 | 14.315.230 |
| Styrkir og framlög | Kr. | 16.780.000 | 16.026.445 |
| Tekjur æfingasvæðis | Kr. | 20.415.000 | 19.482.106 |
| Tekjur verslunar | Kr. | 7.000.000 | 7.084.155 |
| Seld þjónusta | Kr. | 17.000.000 | 18.331.431 |
| Unglingavinna | Kr. | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Aðrartekjur | Kr. | 10.000.000 | 9.894.818 |
| Rekstrartekjur samtals. | | 195.395.000 | 189.351.234 |

| Rekstrargjöld | | | |
|---|---|---|---|
| Félagaskattur GSI | Kr. | 5.800.000 | 4.976.000 |
| Mótagjöld | Kr. | 3.700.000 | 3.398.797 |
| Styrkir og þjálfunarkostnaður | Kr. | 17.117.000 | 17.179.691 |
| Rekstur æfingasvæðis | Kr. | 16.177.000 | 19.352.832 |
| Viðhald og rekstur vallar | Kr. | 37.555.000 | 36.741.688 |
| Viðhald og rekstur véla | Kr. | 14.560.000 | 14.294.081 |
| Rekstur fasteigna | Kr. | 10.750.000 | 9.727.560 |
| Stjórnunarkostnaður | Kr. | 23.400.000 | 23.951.745 |
| Rekstur verslunnar | Kr. | 9.500.000 | 9.267.951 |
| Rekstur útseldrar þjónustu | Kr. | 15.300.000 | 15.567.125 |
| Unglingavinna | Kr. | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Annar kostnaður | Kr. | 5.880.000 | 4.994.635 |
| Rekstrargjöld samtals | | 162.139.000 | 161.852.105 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | Kr. | 33.256.000 | 27.499.129 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| Vaxtatekjur | Kr. | 1.000.000 | |
| Vaxtagjöld | Kr. | 5.200.000 | |
| **Uppruni fjármagns:** | | | |
| Framlag rekstrar | Kr. | 29.056.000 | |
| | | 29.056.000 | |
| **Ráðstöfun fjármagns:** | | | |
| Lækkun langtímaskulda | Kr. | 6.500.000 | |
| Vélakaup | Kr. | 12.200.000 | |
| Nýframkvæmdir við völl | Kr. | 10.356.000 | |
| | | 29.056.000 | |


Golfklúbbu
16
4
17
3
5
6
2
11
1
9
8
7
12
18
10

# rinn Keilir




## Hvaleyrarvöllur

| Hola | par | Rauður | Gulur | Hvítur |
|---|---|---|---|---|
| 10 | 3 | 130 | 160 | 180 |
| 11 | 4 | 260 | 320 | 370 |
| 12 | 4 | 290 | 370 | 430 |
| 13 | 4 | 230 | 260 | 280 |
| 14 | 4 | 280 | 360 | 400 |
| 15 | 3 | 100 | 130 | 150 |
| 16 | 5 | 360 | 440 | 450 |
| 17 | 4 | 250 | 300 | 300 |
| 18 | 4 | 300 | 380 | 420 |
| | 35 | 2200 | 2720 | 2980 |

## Sveinskotsvöllur

| Hola | Par | Rauður | Gulur |
|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 240 | 310 |
| 2 | 3 | 100 | 120 |
| 3 | 4 | 260 | 330 |
| 4 | 3 | 120 | 150 |
| 5 | 5 | 360 | 440 |
| 6 | 3 | 110 | 130 |
| 7 | 4 | 270 | 340 |
| 8 | 4 | 250 | 320 |
| 9 | 5 | 350 | 420 |
| | 35 | 2060 | 2560 |




MHG
VERSLUN
Husqvarna
Akralind 4 201 Kópavogi sími 544-4656, fax 544-4657, www.mhg.is
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
Husqvarna
EZGO
SCHAEFER
RANSOMES JACOBSEN
RYAN CUSHMAN

# Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

Rio Tinto Alcan á Íslandi
Síminn
Bensínorkan
Sjóvá
Bílaleiga Akureyrar
Opin Kerfi
Valitor
Ásbjörn Ólafsson
Fjarðarkaup
Skeljungur
Subway
Íslandsbanki
Hafnarfjarðarbær
Epli.is
Hampiðjan
Mannvit
Naust Marine
Securitas
ISS á Íslandi
Servida
Tax Free
Góa
Landsbankinn
KFC
Jónar Transport
Vífilfell
Ölgerðin
Egill Skallagrímsson
Hótel Hveragerði
NTC
Point
Icelandair Golfers
MP Banki
Remax
Tölvustoð
Fura
Trefjar
Húsasmiðjan
RJC
Tor



# iPad 4

Tvöfalt hraðari og ótrúlega skarpur.

# iPad mini

Haltu á hinum stafræna heimi
í einu undratæki sem smellpassar í lófann.



epli.is

**Laugavegi 182**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
**Opnunartímar**
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is